



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 9/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Bankasýslu ríkisins

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 9/2012 varð að reglum nr. 886/2012 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	VÍS	Almenn umsögn	<p>Í 1. mál. 4. mgr. 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi er fjallað um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skuli vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Í lokamálslið 4. mgr. sömu greinar segir svo að fjármálaeftirlitið setji reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati. Í athugasemdum við frumvarp til laganna og öðrum lögskýringargögnum laganna kemur ekkert fram sem varpar skýrara ljósi á hvað það er að vera fjárhagslega sjálfstæður. Þegar kemur að svo gildishlöðnu, matskenndu og íþyngjandi skilyrði í löggjöf, sem beinist að fáum einstaklingum er óeðlilegt að löggjafinn skilgreini ekki hvað er fjárhagslegt sjálfstæði.</p> <p>Sambærilegar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálaafyrirtækja. Þegar breyting framangreinds efnis var gerð á lögum um fjármálaafyrirtæki var þó farið örfáum orðum um hvað það þýðir að vera fjárhagslega sjálfstæður. Þau eru eftirfarandi: "Slíkar reglur geta m.a. innihaldið ákvæði um að stjórnarmaður skuli ekki skulda fjármálaafyrirtækjum verulega fjármuni, e.t.v. sem hlutfall af árstekjum hans, að hann sé ekki í verulegum ábyrgðum fyrir aðra eða að hann sé ekki eigandi eða stjórnandi fyrirtækis sem stendur fjárhagslega höllum fæti."</p> <p>Þetta er eitt dæmi um tilhneigingu bæði löggjafans og framkvæmdavaldsins til þess að setja samasemmerki milli allrar starfsemi í fjármálageiranum. Stjórnendur og starfsmenn váttryggingafélaga geta ekki áttað sig á breytingum á þeirra laga- og regluumhverfi öðruvísi en að lesa sér til um hvað hefur verið sagt um sambærilega breytingu hjá fjármálaafyrirtækjum. Það er óeðlilegt.</p> <p>Stjórnarmenn og forstjóri Váttryggingafélags Íslands hf. ("VÍS") sendu Fjármálaeftirlitinu ("FME") bréf, dags. 25. maí 2012, vegna eyðublaðs sem þeir skyldu fylla út og skila til eftirlitsins vegna mats þess á fjárhagslegu sjálfstæði þeirra. Var þetta annars vegar í tengslum við hæfismat nýrra stjórnarmanna og hins vegar í tengslum við kaup VÍS á Líftryggingafélagi Íslands hf. þar sem meta þurfti fjárhagslegt sjálfstæði forstjóra og þeirra stjórnarmanna sem höfðu þá þegar staðist hæfismat. Með bréfinu voru gerðar fjölmargar athugasemdir við reglur FME um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga nr. 1066/2011. Auk þess sem gerðar voru athugasemdir við eyðublaðið sjálft. Athugasemdir þessa bréfs eru hér með ítrekaðar.</p>
	VÍS	3. gr.	<p>Fjármálaeftirlitið leggur til breytingu á e. lið 1. mgr. 3. gr. Í stað þess að vísa til fyrrnefnds eyðublaðs er nú talið upp hvaða gögnum skila þarf til FME ekki síðar en fjórum vikum eftir kosningu nýrra stjórnarmanna eða ráðningu framkvæmdastjóra. Upptalning þessi endurspeglar það eyðublað sem kvartað var undan við persónuvernd. VÍS dregur enn í efa að FME þurfi svo víðtækar upplýsingar til að geta metið fjárhagslegt sjálfstæði. Persónuvernd gaf út ákvörðun nr. 2011/1158, þess efnis að FME skyldi afmarka hvaða upplýsingar eftirlitið telur nauðsynlegt að fá til að meta fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Í ákvörðun Persónuverndar er vísað til framangreinds, sem sagði um fjárhagslegt sjálfstæði í lögskýringargögnum með breytingarlögum á lögum um fjármálaafyrirtæki. Sú umfjöllun er í þriðja kafla ákvörðunarinnar sem</p>

			<p>fjallar um meginreglur um vandaða vinnsluhætti. Svo segir áfram í sama kafla, í álitu persónuverndar: "Við mat Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslegu sjálfstæði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja er notað eyðublað sem nefnt er „Fjárhagslegt sjálfstæði.xlsx“. Með því er óskað ítarlegra upplýsinga, bæði um viðkomandi framkvæmdastjóra og stjórnarmann og maka hans. Þar eru engin takmörk eða viðmið sett, s.s. um verulega fjármunir eða ábyrgðir í þeim skilningi sem vísað er til í framangreindum athugasemdum, né um eðli og umfang skulda. Til dæmis virðist þurfa með sama hætti að greina FME frá óverulegum meðlagsskuldum og milljónalánnum vegna hlutabréfakaupa. Að mati Persónuverndar þarf, svo vinnslan samrýmist grunnreglum 7. gr. laga nr. 77/2000, að afmarka með mun skýrari hætti en nú er gert hvaða persónuupplýsingar eru nauðsynlegar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja. Reglur FME nr. 627/2012, um framkvæmd hæfismats, eru mjög almennar. Til að tryggja að þær samrýmist grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 er nauðsynlegt að setja skýr efnisákvæði og viðmið um hvaða upplýsingar séu nauðsynlegar og verði lagðar til grundvallar mati Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslegu sjálfstæði manna. Setja þarf ramma bæði varðandi upplýsingaöflun um framkvæmdastjóra og stjórnarmenn og um maka þeirra. Með vísan til 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. leggur Persónuvernd fyrir Fjármálaeftirlitið að endurskoða umræddar reglur í ljósi framangreinds."</p> <p>Af lestri e. liðar er ekki að sjá að FME hafi sett nein takmörk eða viðmið um hvaða upplýsingar þeir telja nauðsynlegt að fá til að geta metið fjárhagslegt sjálfstæði. Upptalningin er mjög opin, auk þess sem segir í 2. mgr. 3. gr. að FME geti óskað eftir frekari gögnum en að framan greinir ef það er nauðsynlegt vegna mats á hæfi aðila.</p>
2	VÍS	10. gr.	<p>VÍS dregur í efa að skilyrði um jákvæða eiginfjárstöðu og að tekjur standi undir afborgunum af skuldum og framfærslu sé nauðsynleg til að einstaklingur geti talist fjárhagslega sjálfstæður. Þær upplýsingar sem FME þarf að fá til að geta lagt mat á þetta eru svo viðamiklar og persónulegar að það getur varla verið nauðsynlegt. Með því að fá þessar upplýsingar hefur FME kortlagt neyslu þessara einstaklinga. Ekki má svo gleyma því að þeim ber að upplýsa FME um breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi aðila innan tveggja vikna frá breytingu. Nýtt eyðublað virðist þó gera ráð fyrir að aðilar lýstu því sjálfir yfir að eiginfjárstaða þeirra væri jákvæð og að tekjur standi undir afborgunum af skuldum og þá gætu þeir aðilar sem svöruðu jákvætt sloppið við að fylla út eyðublaðið hvað þetta varðar. Þrátt fyrir það er það mat VÍS að FME þurfi ekki allar þessar upplýsingar sem eyðublaðið gerir ráð fyrir og eru m.a. taldar upp í 3. gr., til þess að geta metið fjárhagslegt sjálfstæði.</p> <p>Bætt hefur verið við c. lið. Þar er villa í 1. ml. þ.e. þar er talað um fjármálafyrirtæki en á að vera "vátryggingafélagi". Í c. lið er horft til "óhæðis" einstaklingsins. FME horfir til eðlis skulda og ábyrgða gagnvart þriðja aðila og veðsetningar eigna upp á hvort efast megi um óhæði gagnvart lánveitanda/kröfuhafa og það sé líklegt að hafa áhrif á störf hans í viðkomandi fyrirtæki.</p>

3	VÍS	20. gr.	<p>Breyting hefur verið gerð á 3. mgr. sem áður var 19. gr. en er nú 20. gr. FME virðist hér vera að gera áherslubreytingu eða auka gagnsæi. VÍS gerir ekki athugasemd við þessa breytingu en vill nýta tækifærið og ítreka athugasemd þá sem gerð var í fyrrgreindu bréfi stjórnar og forstjóra VÍS til FME í maí á þessu ári en þar var gerð athugasemd við að þeir sem falli undir reglurnar verði að tilkynna breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi aðila eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum.</p> <p>Það skal tekið fram að þetta er afar íþyngjandi og óljóst hvaða upplýsingar FME telur að gefi haft áhrif á hæfi aðila.</p>
---	-----	---------	--